

kvað yfirleitt vera ófastheldnari við þjóðlega siði en faðir hans var. Samkvæmt trúarskoðunum Japaníta er keisarinn guð jafnframt því sem hann er maður. Virðing þjóðarinnar fyrir honum er takmarkalaus. Sagt er að Josihito — svo heitir nýji keisarinn — muni varla vera annað eins mikilmenni og faðir hans var.



Presturinn í baðstaðnum.

Smásaga eftir AUGUST STRINDBERG.

Ég fer fyrstur manna á vorin í sumarbústaðinn. Litli baðstaðurinn er tómur, hlerar fyrir gluggum og veggssvalir þaktar. Trén eru hálflaufguð, blómbeðin ósáð og óhreinn snjór liggur í hverjum krók og kynda. Eftir hádegisd fer ég niður í gistihúsið og finn sumarprestinn minn. Ég finn hann þar eins og ég fann hann fyrir tólf árum, sitjandi í ofnkróknum með toddýglas; þar les hann blöðin, strýkur kettinum og skrafar við konu veitingamannsins.

Hann er nokkuð yfir þrítugt og lítur enn þá út eins og langur og magar stúdent. En nú í vor sýnist hann vera enn þá magrari en hann var í fyrra, hörundið er grárara, augun daufari og röddin veiklulegri af æfingarleysi.

Þegar hann verður var við mig, bregður fyrst fyrir undarlegum glampa í augunum, eins og hann hefði talað illa um mig allan veturinn og hefði samvískubít. Þessi undarlegi glampi stafar máske af þenslu hornhimnunnar í auganu, þegar augasteinninn stækkar við tilraunina að lesa í augum hins það sem hann hugsar. Ég veit að honum er illa við fjörið í mér, en nú er hann einmana, og ég kem til hans utan úr heiminum, þar sem lífið er, sem boðberi vorsins, fyrsti baðgesturinn, sem aðrir fylgja bráðum á eftir. Og þegar við erum báðir orðnir sann-